

beiðzt með brjefi mínu frá 19. septbr. 1877 (stjórnartíð. s. á. B. 112) varð jeg þess áskynja, að hin fyrrverandi spítalajörð Kaldaðarnes væri ekki háð neinu eptirliti af hálfu hins opinbera, því þó að hinum núverandi ábúanda sje með byggingarbrjefi frá 31. desbr. 1868 áskilið í «umboðs»- og ómakslaun 1 hnd. af hinu árlega eptirgjaldi, er það vita-skuld, að ábúandinn getur ekki fyrir bönd hins opinbera haft eptirlit með sjálfum sjer. Með ofan nefndu brjefi mínu lagði jeg því fyrir sýslumanninn í Árnessýslu að takast á hendur umsjón með nefndri jörðu, fyrst um sinn eptir nánari skipun yðar herra amtmaður, og leiðir þar af, að sýslumanninum ber að láta í tje þær skýringar og uppástungur með tilliti til leigumála nefndrar jarðar, sem umboðsmönnunum var með nefndu brjefi mínu frá 19. septbr. 1877 boðið að útvega viðvíkjandi hinum öðrum opinberu jörðum, og í annan stað, að hafa umsjón með, að jörðinni, húsum hennar, kirkjunni o. fl. sje haldið í tilhlýðilegu standi samkvæmt byggingarskilmálum þeim, er nú eru eða síðar kynnu að verða settir. Þar á móti er ekki með ofan nefndu brjefi mínu, eins og það ljóslega sýnir, ætlast til neinna breytinga að svo stöddu á skilmálum þeim, er settir voru með byggingarbrjefi ábúanda þess, sem nú er, frá 31. desbr. 1868, og leiguliðanum ber því eins og að undanförunu samkvæmt þeim, að greiða hið árlega eptirgjald í hinn fyrrverandi læknasjóð, sem nú er lagður saman við landssjóðinn, og er að öðru leyti skyldur að gegna öllum þeim kvöðum, er byggingarbrjefið leggur honum á herðar.

Að því leyti að fyrirspurn sýslumannsins sjerstaklega gengur út á, hvort hann eigi að veita móttöku kirkjunni á Kaldaðarnesi og hafa á hendi reikningshald hennar, vil jeg geta þess, að þar eð biskup hefir umsjón með kirkjureikningnum, og hann hefir eigi komið með neina uppástungu um að svipta Einar Ingimundsson fjárhaldi kirkjunnar, er honum hefir verið trúað fyrir, finn jeg eigi ástæðu til að svo komnu að gjöra nokkra breytingu í þessu tilliti.

Til leiðbeiningar fyrir sýslumanninn við nefnda umsjón, læt jeg fylgja eptirrit af nefndu byggingarbrjefi frá 31. desbr. 1878.

### Auglýsing

um póstmál.

174  
25. nóv.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir samþykkt,

- 1, að brjefhirðingin á Hofi í Álptafirði leggist niður og að í hennar stað stofnist brjefhirðing á hentugum stað í Lóni í Austur-Skaptafellssýslu.
- 2, að aukapóstur sá, er gengur frá Víðimýri (Krossanesi) í Skagafjarðarsýslu leggi leið sína um Glaumbæ, Reynistað, Saudárkrók, Ás og Lón að Hofsó, og að brjefhirðing verði stofnuð í Saudárkrók.

Þessar breytingar öðlast gildi 1. janúar 1880.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 25. nóvember 1879.

**Hilmar Finsen.**

*Jón Jónsson.*

### Áætlun

um 3 fyrstu ferðir landpóstanna árið 1880.

175  
25. nóv.

Yfirstjórn hinna dönsku póstmála hefir í brjefi frá 6. p. m. skýrt mjer frá, að

**175** ekki hafi verið mögulegt þá að ákveða fyrir fullt og allt ferðaáætlun fyrir pósthúskípin næsta ár. Fyrir þessa sök verður ekki nú gerð ákvörðun um allar ferðir landpóstanna að ári; en hjer með er fyrirskipað, að þrem fyrstu ferðum landpóstanna árið 1880 skal hagað samkvæmt ferðaáætlun þeirri fyrir 1879, er sett var 25. nóvember f. á. Skulu því landpóstar leggja á stað frá endastöðvum aðalpóstleiðanna, eins og nú segir:

A. Aðalpósturinn milli Ísafjarðar og Reykjavíkur.

	I.	II.	III.
Frá Ísafirði	13. jan. 1880.	3. marz 1880.	21. apríl 1880.
— Reykjavík	4. febr. —	27. — —	8. maí —

B. 1. Aðalpósturinn milli Reykjavíkur og Akureyrar.

	I.	II.	III.
Frá Akureyri	13. jan. 1880.	3. marz 1880.	21. apríl 1880.
— Reykjavík	3. febr. —	27. — —	8. maí —

B. 2. Aðalpósturinn milli Akureyrar og Seyðisfjarðar.

	I.	II.	III.
Frá Seyðisfirði	16. jan. 1880.	19. marz 1880.	8. maí 1880.
— Akureyri	25. febr. —	12. apríl —	27. — —

C. 1. Aðalpósturinn milli Reykjavíkur og Prestsbakka.

	I.	II.	III.
Frá Reykjavík	4. febr. 1880.	30. marz 1880.	10. maí 1880.
— Prestsbakka	24. — —	13. apríl —	23. — —

C. 2. Aðalpósturinn milli Prestsbakka og Seyðisfjarðar.

	I.	II.	III.
Frá Prestsbakka	20. febr. 1880.	8. apríl 1880.	21. maí 1880.
— Seyðisfirði	19. marz —	8. maí —	17. júní —

Frá millistöðvum aðalpóstleiðanna mega póstar ekki leggja á stað fyrir þann dag, er til er tekinn um hverja þeirra um sig í áætluninni frá 5. nóv. f. á. Á brjefhirðingum aðalpóstanna skal frá 1. jan. 1880 gjörðar þær breytingar, að brjefhirðingin á Hofi í Álptafirði verði flutt að Stafafelli í Lóni, og að brjefhirðingin á Holtastöðum í Langadal verði flutt að Botnastöðum rjett hjá Bólstaðarhlíð, þar sem hún áður hefir verið.

Um það hve nær aukapóstar eiga að leggja af stað, standa sömu reglur, og settar eru í áætluninni 15. nóv. f. á., þó með þeirri breytingu, að Skagafjarðarpósturinn eptirleiðis fer frá Viðimýri (Krossanesi) um Glaumbæ, Reynistað, Saudárkrók, Ás og Lón að Hofsó, og snýr aptur sömu leið eptir sólarhringsdvöl á Hofsó.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 25. nóvember 1879.

**Hilmar Finsen.**

*Jón Jónsson.*

REIKNINGAENDURSKOÐUN.

Hinn 26. dag nóvembermánaðar tól landshöfðingi cand. polit. Indriða Einarssyni á hendur að framkvæma hina umboðslegu endurskoðun á þeim reikningum fyrir tekjum og gjöldum landsjóðsins, er koma til rannsóknar á árunum 1880 og 1881, og gegn því, að hann fái 2000 kr. þóknun þá um hvort árið, sem ákveðin er fyrir þetta starf með 9. gr. A. 3. fjárlaganna.